

Hlíðasmára 8
201 Kópavogi
sími 564 4104

Útgefandi

Læknafélag Íslands
Læknafélag Reykjavíkur

Ritstjórn

Magnús Gottfreðsson,
ritstjóri og ábyrgðarmaður
Elsa B. Valsdóttir
Gerður Gröndal
Hannes Hrafnkellsson
Magnús Haraldsson
Sigurbergur Kárason
Pórdís Jóna Hrafnkelsdóttir

Tölfræðilegur ráðgjafi

Thor Aspelund

Ritstjórnarfulltrúi

Védís Skarphéðinsdóttir
vedis@lis.is

Blaðamaður

Hávar Sigurjónsson
havar@lis.is

Auglýsingastjóri og ritari

Esther Ingólfssdóttir
esther@lis.is

Umbrot

Sævar Guðbjörnsson
saevar@lis.is

Upplag

1900

Prentun, bókband og pökkun

Prenttækni ehf.
Vesturvör 11
200 Kópavogi

**Áskrift**

14.900,- m. vsk.
Lausasala
1490,- m. vsk.

© Læknablaðið

Læknablaðið áskilur sér rétt til að birta og geyma efni blaðsins á rafrænu formi, svo sem á netinu. Blað þetta má eigi afrita með neinum hætti, hvorki að hluta né í heild, án leyfis.

Fræðigreinar Læknablaðsins eru skráðar (höfundar, greinarheiti og útdrættir) í eftirtalda gagnagrunna: Medline (National Library of Medicine), Science Citation Index (SciSearch), Journal Citation Reports/Science Edition, Scopus og Hirsluna, gagnagrunn Landspítala.

The scientific contents of the Icelandic Medical Journal are indexed and abstracted in Medline (National Library of Medicine), Science Citation Index (SciSearch), Journal Citation Reports/Science Edition and Scopus.

ISSN: 0023-7213



Vetur í bæ

Hraun í Öxnadal, fæðingarstaður Jónasar Hallgrímssonar, þar sem nú er Jónasarsetur, hvílir undir Hraundranga í vetrarklæðum eins og reyndar landið allt þessa dagana.

Jörðin er fólkvangur í eigu íslenska ríkisins og má nefna að hressileg ganga er upp að Hraunsvatni sem er í hvilft handan fellsins sem Hraun stendur undir. Þar er silungsveiði góð og kostar ekkert þeim sem leggja gönguna á sig.

Fæðingardagur Jónasar, 16. nóvember, er haldinn hátíðlegur sem Dagur íslenskrar tungu og er ekki hallað á neinn þó Jónasi sé gerður sá heiður. Hann var mestur orðsnillingur sem þjóðin hefur átt og væri íslensk tunga mun fátækari ef nýyrðasmíði hans hefði ekki notið við á sviði skáldskapar, náttúrufræða og vísinda af ýmsu tagi.

Meðal nýyrða Jónasar á sviði stjörnu- og eðlisfræði má nefna aðdráttarafl, breiðbogi, fallbyss, fjaður-magnaður, fleygbogi, hengill, hitabelti, hvolfspígill, jarðnánd, kuldabelti, láréttur, líkindareikningur, ljósvaki, lofthaf, miðflótaaf, rafurmagn, sjónauki, sólbraut, sporbaugur, staðvindar, stjörnuhús og verkstofa. Eru þá ótalin fjölmörg önnur nýyrði í skáldskap Jónasar sem fest hafa í tungumálinu og eru svo tær og gagnsæ að hvert mannsbarn skilur þau við fyrstu sýn.

LISTAMAÐUR MÁNAÐARINS

María Dalberg (f. 1983) brautskráðist frá meistara-deild í myndlist við Listaháskóla Íslands vorið 2016.

Sama ár var hún valin í hóp sýnenda á alþjóðlegum myndlistarviðeringi ungra listamanna í Moskvu og hefur hún sýnt á fjölda annarra sýninga sem og á kvikmyndahátíðum undanfarin ár. Verk hennar eru mörg hver myndbandsverk sem hún setur fram sem innsetningar þar sem hún vinnur jafnt með hljóð, texta og mynd. Þá fæst hún einnig við bókaútgáfu þar sem texti og myndir kallast á.

Nýverið ferðaðist hún til fjarlæggra áfangastaða til þess að víða að sér efni, meðal annars til Galapagos-eyja og til Mindo-skógarins í vesturhlíðum Andesfjalla í Ekvador. Skógurinn er svokallaður skýjaskógur eða þokuskógur en það er sígrænn skógur sem liggur hátt í fjalllendi þar sem skýjafar er einkennandi



og viðvarandi. Óvenju litskrúðugar og fágætar fugla- og fiðrildategundir er þar að finna. Bæði Galapagos og

Mindo-Nambillio friðlandið eru dæmi um algjörlega einstök geysilega fjölbreytt og flókin vistkerfi sem eru í mikilli hættu vegna loftslagsbreytinga og annarrar ágengni mannkyns. María tók ljósmyndir, myndbönd og safnaði öðru efni á ferðalagi sínu sem hún vinnur nú úr. Ljósmyndin á forsíðu *Læknablaðsins* er hluti af þessu verkefni, **Suð** (2017), svarthvít mynd af gróskumikilli, framandi og töfrandi náttúru. Niðurstöðuna sýnir María í heild sinni á einkasýningu á Listasafni Reykjavíkur á næsta ári, í sýningarstöð D-salar þar sem ungir listamenn sýna verk sín.

Markús Þór Andrésson